

Nr. 080 / 14 Klakkur SK 5***Eldglóð í skorsteinshúsi***

Skipaskr.nr. 1472 **IMO. nr.** 7511539
Smíðaður: Gdynia Póllandi, 1977
Stærð: 488,0 brl. 744,7 bt.
Mesta lengd: 51,83 m *Skráð lengd:* 44,71 m
Breidd: 10,76 m *Dýpt:* 6,96 m
Vél: B&W Alpha 1620 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 15



Klakkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. ágúst 2014 var Klakkur SK 5 á siglingu úr Sauðárkrókhöfn. Veður: SV 10 m/sek.

Þegar verið var að bakka út út höfninni urðu skipverjar varir við að óeðlilegan reyk í vélarúmi. Við athugun sást að mikinn reyk lagði undan klæðningu á einu reykrörinu og sigldi skipstjóri skipinu aftur að bryggju, hringdi í 112 og tilkynnti um eld í skipinu.

Ljósavél í vélarúmi var stöðvuð og eftir að klæðning yfir einangrun á reykröri vélarinnar var opnuð sást að þenslumúffa á því var komin í sundur og glóð var í einangruninni sem slökkvilið slökkti.

Við rannsókn kom fram:

- að ljósavélin var venjulega ekki keyrð undir álagi nema í hafnarlegum til að undirbúa brottför og ná upp hita á aðalvél fyrir gangsetningu. Í þetta skipti þurfti mikla orku og var ljósavélin keyrð á fullri afli áður en rafmagnni var skipt yfir á aðalvélin. Ætla má að við þessar aðstæður hafi afgangshiti geta farið upp fyrir 400°C, en ljósavélin gekk álagslaus þegar reykurinn uppgötvaðist;
- að festing á reykröri frá ljósavél hafði ryðbrunnið í sundur með tilheyrandi titringi sem jókst mikið þegar skipinu var snúið á grunni vatni t.d. í höfnum;

- að einangrunin var steinullamottur sem að sögn vélstjóra var orðin léleg sökum leka og sjávarseltu. Hlífðarkápan var úr völsuðu zinkhúðuðu blikki sem virðist hafa verið lélegt;
- að í skorsteinshúsinu í stjórnborðssíðunni er rimlagólf sem hægt er að lyfta upp því þetta er flóttaleið úr vélarúminu en hún er aldrei notuð til upp- eða niðurgöngu. Það er gengið inn af trollþilfari og ekkert í því nema reykrörin og hæðarker fyrir skutpípuna sem þarf að bæta reglulega á stefnisröraolíu. Olíunni er dælt með veggfestri handdælu upp úr lausum brúsum (20 lítra) í gegnum slöngustubb upp í dæluna og þaðan í lögn um gat ofan í hæðarkerið. Vélstjóri sagði að lekið gæti úr þessum búnaði fyrst eftir áfyllingu en olían læki þá niður um rimlagólfið niður í botn vélarúmsins. Hann sagði að í miklum veltingi væri hugsanlegt að skvettist út um opið ofan á kerinu en hann hafi ekki orðið var við það. Hann sagði einnig að lögnin í kerrið hafi ekki alltaf verið eins og lýst er því lögn frá dælunni hafi einhvern tímann verið fasttengd efst í kerrið. Eftir atvikið hafi þeir breytt þessu til fyrra horfs.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að þenslumúffa gekk í sundur vegna titrings og lélegs ástands.